

UM FÉLAGIÐ

[KA](#) / [FRÉTTIR](#) / [SANNFÆRANDI SIGUR HJÁ KA/ÞÓR GEGN AFTURELDINGU](#)

SANNFÆRANDI SIGUR HJÁ KA/ÞÓR GEGN AFTURELDINGU

05.11.2017 | Handbolti

Það er óhætt að segja að *Ásdís Guðmundsdóttir með eitt af sex mörkum sínum* KA/Þór hafi ráðið lögum og lofum á gólfi KA heimilisins þegar stelpurnar tóku á móti Aftureldingu í Grill 66 deildinni í gær. Þær gáfu tóninn strax í upphafi og eftir fimm mínútna leik var staðan orðin 4-0 fyrir heimakonur og síðan 7-1 eftir tíu mínútur.

Í hálfleik var munurinn orðinn tíu mörk, 15-5 og ljóst að eitthvað mikið þyrfti að gerast til að einhver spennu yrði í leiknum.

KA/Þór gaf hins vegar ekkert eftir í seinni hálfleiknum og þegar tíu mínútur voru til leiksloka var munurinn orðinn fjórtán mörk, 23-9. Þá slökuðu heimakonur lítillaga á klónni og Afturelding nýtti það til að laga lítillaga stöðuna þar sem þær skorðu sex mörk gegn þremur og lokatölur því öruggur ellefu marka sigur, 26-15.

UM KA
FRÉTTIR
KA HEIMILIÐ
STÓRAFMÆLI
MYNDIR
FYRIRSPURNIR
MINNINGARKORT
GERAST FÉLAGI Í KA
N1 MÓTIÐ
KA-VARP

Líf og fjör á hliðarlínunni hjá KA/Þór

Liðið átti allt flottan leik og dreifðist markaskorunin mikið þar fór þó fremst í flokki Ásdís Guðmundsdóttir sem var afar öflug á línunni.


Mörk KA/Þór: Ásdís Guðmundsdóttir 6, Ásdís Sigurðardóttir 4, Steinunn Guðjónsdóttir 4, Martha Hermannsdóttir 3, Aldís Ásta Heimisdóttir 2, Auður Brynja Sölvadóttir 2, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 2, Katrín Vilhjálmisdóttir 1, Kolbrún María Bragadóttir 1 og Þóra Björk Stefánsdóttir 1 mark. Sunna Guðrún Pétursdóttir og Margrét Einarsdóttir stóðu í markinu og áttu báðar frábæran leik.

Mörk Aftureldingar: Hekla Rún Ámundadóttir 4, Íris Kristín Smith 3, Rakel Dóra Sigurðardóttir 2, Sara Lind Stefánsdóttir 2, Telma Rut Frímanssdóttir 2 og Þóra María Sigurjónsdóttir 2 mörk.

KA/Þór hefur leikið fimm leiki í deildinni og hafa sigrað þá alla, fullt hús og 10 stig en HK er þó á toppi deildarinnar með 11 stig eftir sex leiki. Föstudaginn 10. nóvember eiga stelpurnar heimaleik í bikarkeppninni þegar þær taka á móti FH. Næsti leikur KA/Þór í deildinni er útileikur gegn Víkingi þann 18. nóvember.

Þórir Tryggvason var mættur með myndavélina og sendi okkur myndir sem er hægt að [skoða með því að smella hér](#).

Leikurinn var í beinni útsendingu á KA-TV og hægt að horfa á leikinn í spilaranum hér að neðan:



TIL BAKA



FÉLAGIÐ

K.A. heimilið
Starfsfólk
Um K.A.

FÓTBOLTI

Um Knattspyrnudeild
M.fl kk Leikmenn
Yngriflokkar

HANDBOLTI

Um Handknattleiksdeild
Myndir
Yngriflokkar

BLAK

Um Blakdeild
Yngri fl.
Æfingatafla

TENNIS OG BADMINTON

Um Tennis- og badminontdeild
Mót og flokkaskiptingar
Tenglar